

Fundargerð skólaráðs Hlíðaskóla

Fundur haldinn: 30. janúar 2026

Tími: kl. 8:30–10:00

Staður: Fundarherbergi hjá Blindraheimilinu

Mættir

- Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri
- Guðni Kristmundsson, fulltrúi starfsmanna
- Anna Soffía, fulltrúi kennara
- Valgerður XXXX, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Einar Máni Friðriksson fulltrúi foreldra
- Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, ritari

Forföll

- Brynja Blumenstein, fulltrúi kennara
- Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra

1. Fjöldi nemenda í Hlíðaskóla skólaárið 2025–2026

Skólastjóri greindi frá stöðu nemendafjölda í Hlíðaskóla skólaárið 2025–2026. Skráðir eru 610 nemendur, sem er fækkun frá fyrra ári þegar óvenjustór árgangur á Íslandi útskrifaðist. Fækkun nemenda hefur áhrif á fjárveitingar til skólans, þar sem þær miðast við fjölda nemenda og samsetningu nemendahópsins.

Jafnframt hefur sérkennslukvóti minnkað þar sem nemendur með fjölpættan vanda hafa fengið úrræði í sérskólum eða sérdeildum.

2. Húsnæðismál

Farið var yfir stöðu húsnæðismála. Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi á næsta skólaári og eru áfram áhyggjur af plássleysi. Viðgerðir á skólahúsnæði hafa dregist umfram áætlanir. Talið er að viðgerðir í kjallara, þar sem textíl- og smíðastofur voru áður staðsettar, geti tekið allt að þrjú ár.

Bókasafn skólans er lokað vegna viðgerða, en vonast er til að þeim ljúki fyrir næsta haust.

3. Skóladagatal

Drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2026–2027 voru kynnt. Farið var yfir skilgreiningar á skertum nemendadegi og tvöföldum nemendadegi.

Rætt var um þær breytingar sem Hlíðaskóla var skylt að gera á skóladagatali skólaársins 2025–2026, einkum að foreldraviðtöl fari fram á einum degi í stað tveggja samfelldra daga, eins og áður hafði verið samþykkt. Fram kom að þessi breyting leiðir til þess að tími hvers barns í viðtölum skerðist og að nemendastýrð viðtöl falla niður í flestum árgöngum, en hefðbundin foreldraviðtöl koma í þeirra stað.

Skertir nemendadagar geta verið allt að 10 talsins á skóladagatali. Þá daga er hefðbundin stundaskrá ekki í gildi og tímasetning tekur mið af inntaki dagsins. Þessir dagar eru notaðir sem dæmi í nemenda og foreldraviðtöl þar sem foreldrar fá úthlutaðan tíma til að mæta í skólann. Skólasetning, skólaslit og annað sem krefst þess að stundatafla sé tekin úr gildi.

Samkvæmt lögum eiga nemendadagar að vera 180 talsins. Í undantekningartilfellum hefur verið heimilt að skeyta saman nemendadegi og skertum nemendadegi þegar nemendur eru skyldugir að mæta aftur síðdegis í skóla. Þannig er því háttað í tengslum við leiksýningadagana 1- 7 bekkjar og skiladag þemaverkefna í unglingadeild.

Skólastjórnendur leggja til að á skólaárinu 2026-2027 verði einn tvöfaldur dagur fyrir hvern árgang, tímasetning þessa daga tekur mið af tímasetningu leikrita.

4. Eftirlitsmyndavélar

Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi eftirlitsmyndavélar í Hlíðaskóla. Fengist hefur hagstæðara tilboð í kaup á myndavélum og eftirlitsbúnaði sem er í samræmi við heimildir Reykjavíkurborgar og ákvæði persónuverndarlöggjafar. Stefnt er að uppsetningu myndavéla við alla innganga skólans og á útisvæðum við innganga.

5. Önnur mál

Ritari fundar fór yfir niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra, þar sem bornar voru saman niðurstöður frá árunum 2018, 2020, 2022 og 2024. Sérstök áhersla var lögð á spurningar sem varða stjórnun skólans, líðan nemenda, einelti og orðspor skólans.

Þorgerður fór jafnframt í stuttu máli yfir til hvaða aðgerða hefur verið gripið í kjölfar niðurstaðna viðhorfskannana.

Fundi slitið: kl. 10:00